

Eineltisáætlun

Hríseyjarskóla

Uppfært 2018

Stefna skólans

Áhersla er lögð á uppbyggileg og jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Einelti eða annað ofbeldi verður ekki liðið.

Allra ráða verður leitað til að fyrirbyggja bæði einelti og annað ofbeldi. Skólinn á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju.

Til að ná þessum markmiðum þurfa allir aðilar skólasamfélagsins að hafa sameiginlega sýn og skilgreint hlutverk í markvissri vinnu gegn einelti. Ef eineltismál koma upp verður að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

Skilgreiningar

Einelti er endurtekin áreitni eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru taki. Andlegt einelti felst í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun. Þá getur einelti birst á margvíslegan máta.

Ofbeldi er vísvitandi meiðandi hegðun þar sem einstaklingur eða hópur beitir valdi til að meiða eða niðurlægja aðra. Einstakt ofbeldisverk getur verið merki um að sá sem fyrir ofbeldinu verður hafi verið lagður í einelti.

Einnig getur einelti birst sem misbeiting á valdi.

Ferli eineltismála

Ef foreldri/forráðamann grunar að barn þeirra verði fyrir einelti eða leggi aðra í einelti skulu þeir þegar í stað hafa samband við skólann.

Ef starfsmann skólans grunar að nemandi sé lagður í einelti eða taki þátt í að leggja aðra í einelti ber honum að láta umsjónarkennara vita strax, þannig að hægt sé að taka á málunum.

Mikilvægt er að ræða opinsgátt við barnið, **hlusta, trúa og gefa tíma**. Ræða um skólavistina, með hverjum barnið leikur sér, hvað það gerir í frímínútum o.s.frv. Mikilvægt er að allir fullorðnir reyni að hafa stjórn á eigin tilfinningum og forðist ásakanir og reiði. Tala verður af yfirvegun við barnið og safna eins mikið af upplýsingum um kringumstæður eins og hægt er. Kennarar og foreldrar ættu að skrá hjá sér eineltisatvik eða aðstæður sem benda til þess að einelti eigi sér stað. Þetta auðveldar allt samstarf við lausn þessarar mála.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Ýmislegt er hægt að gera og vinna til þess að koma í veg fyrir alvarleg eineltismál. Allir starfsmenn skólans verða að vera vakandi og á varðbergi gagnvart einelti og aldrei að loka augunum eða snúa sér í hina áttina ef grunur um slíkt athæfi vaknar.

.

- **Viðhorfskannanir** - Hægt er að gera kannanir með ýmsum hætti Tilgangurinn er að afla upplýsinga um umfang eineltis. Ákveða þyrfti hve oft svona könnun yrði yfir skólaárið. Yrði svo að fylgja niðurstöðum eftir. Geta þessar kannanir verið stuttar og langar eftir því sem hentar hverju sinni.
- **Hópefli innan bekkjar** – bekkjarkennarinn gæti haft ýmsa leiki, samtöl og hópavinnu til að efla samkennd og vináttu. Efnið yrði einelti og afleiðingar þess.

- **Umræðan** - Bekkjarkennarinn verður að hafa reglulega umræðu til að minna nemendur á.
- **Fundir með foreldrum** - Bekkjarkennarinn minnst á þessa hluti við foreldra á fundum.
- **Forvarnarstarf í frímínútum** – Eftirlit verður að vera gott í frímínútum og íþróttahúsum.
- **Vinatengsl** – Koma af stað vinahópum. Gott að tengja foreldrafélag í þetta.

I. Grunur um einelti

Ef upp kemur grunur um einelti tilkynnist það tafarlaust til umsjónarkennara þolenda og gerenda. Sjá einnig blað um ferli eineltismála.

1. Umsjónarkennari tilkynnir grun um einelti til skólastjóra.
2. Umsjónarkennari aflar strax upplýsinga um málið og fær staðfest hvort um einelti sé að ræða. Reynt er að finna út hvar eineltið á sér stað, hvenær, hvernig og hverjir eru þátttakendur.
1. Umsjónarkennari leitar upplýsinga hjá eftirtöldum aðilum eftir því sem við á:
 - a. forráðamönnum þolenda og gerenda
 - b. kennurum og öðru starfsfólki skólans
 - c. íþróttahúsi, mötuneyti og öðrum þeim stöðum sem börnin sækja á vegum skólans.
2. Umsjónarkennari reynir að virkja samnemendur með umræðum í bekknum, bekkjarfundum og verkefnavinnu um einelti.
3. Ef upplýsingar staðfesta einelti vísar umsjónarkennari málinu strax til eineltisteymis skólans og gerir grein fyrir málavöxtum á fundi ráðsins.
6. Umsjónarkennari lætur forráðamenn viðkomandi barna vita að málið sé komið til teymisins.
4. Ef ekki virðist um einelti að ræða fylgist umsjónarkennari með og ræðir við þolendur og gerendur að viku liðinni.

Eineltisteymi Hríseyjarskóla kemur saman eftir þörfum eða þegar umsjónarkennari hefur vísað erindi inn í teymið. Hlutverk eineltisteymisins er að vera leiðbeinandi aðili við lausn eineltismála. Eineltisteymi vinnur auk þess ýmiss konar forvarnarstarf gegn einelti s.s. að stuðla að betri félagslegum samskiptum nemenda og ýmiskonar hópstyrkingu. Einnig eru fulltrúar teymisins kennurum til fulltingis í alvarlegum eineltisviðtölum ef óskað er eftir því. Eineltismálum er vísað beint til teymisins. Teymið er þannig skipað:

Þórunn Björg Arnórsdóttir – skólastjóri

Vilborg Valgeirsdóttir umsjónarkennari

II. Vinnuferli eineltisteymis

Þegar staðfest hefur verið að um einelti sé að ræða beinir umsjónarkennari málinu til eineltisteymis, eins og fyrr segir.

1. Innan sólarhrings frá því að tilvísun berst til teymisins kemur það saman, skoðar málið og ákveður verkaskiptingu.
2. Strax næsta dag tekur teymið gerendur og þolendur í einstaklingsviðtöl.
 - a. Gerendur eru teknir á undan, hver á fætur öðrum, en í viðtölum þeirra er farið yfir stöðuna og mögulegar lausnir fundnar.
 - b. Í viðtölum við þolendur er farið yfir stöðuna, hvernig ráðið getur hjálpað, hvað gerendur hyggjast ætla að gera til að bæta úr og hvað hver þolandi getur sjálfur gert.
 - c. Teymið áskilur sér rétt til þess að kalla fleiri til starfa, t.d forráðamenn nemenda.
3. Eineltisteymið kemur saman, eins fljótt og auðið er, ásamt umsjónarkennara til að fara yfir stöðu málsins.
4. Teymið hefur samband við forráðamenn viðkomandi barna og gerir þeim grein fyrir
 - a. stöðu málanna
 - b. þeirri aðstoð sem skólinn getur veitt nemendunum
 - c. hvað þeir geta gert sjálfir til að aðstoða barn sitt
 - d. að þeim standi til boða að tala við skólasálfræðinginn, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga sem skóladeild Akureyrar hefur.
5. Eftir 2-3 daga boðar teymið þolendur og gerendur aftur í einstaklingsviðtöl. Rætt er um stöðu mála og líðan og þeim hrósað sem eiga það skilið.
6. Teymið kemur saman ásamt umsjónarkennara til að fara yfir stöðu málsins (helst sama dag og viðtölin eru, annars strax daginn eftir).
7. Ef málið virðist fara í réttan farveg tekur eftirfylgni við (sjá lið III), annars er gripið til frekari aðgerða (sjá lið IV).
8. Umsjónarkennari lætur forráðamenn vita af stöðu mála.

III. Eftirfylgni

Eftir að eineltismál er komið í réttan farveg er því fylgt vel eftir og staðan skráð reglulega.

1. Eigi síðar en viku eftir að ákvörðun er tekin um að fylgja máli eftir skulu þolendur og gerendur mæta saman á fund ásamt **eineltisteymi** og umsjónarkennara. Þar fara fram umræður um líðan og hegðun, hrós og styrkingu til að efla samstöðu nemendanna.

2. Ef niðurstöður athugunar sýna að eineltið er hætt, þá er annar fundur eftir mánuð. Málið er svo rætt á næsta foreldradegi og ákveðið í samráði við nemendur og forráðamenn þeirra hvort málinu sé lokið eða hvort haldið verði áfram að hafa formleg viðtöl reglulega.
3. Ef niðurstöður athugunar sýna að einelti er enn í gangi, þá er tafarlaust gripið til frekari aðgerða.

IV. Frekari aðgerðir

Þegar eineltismál tekur ekki rétta stefnu á framkvæmdastigi eða einelti heldur áfram eða byrjar aftur, þá er gripið til frekari aðgerða.

1. Eineltisteymi fundar með nemendum viðkomandi bekkja og forráðamönnum þeirra (hvort heldur er í sitt hvoru lagi eða með nemendum og forráðamönnum saman) og ræðir alvarleika málsins og hvað skuli gert til að leysa málið á þessu stigi.
2. Ráðið gefur fylgist vel með nemendum í 2 daga eftir fundinn. Að því loknu skulu þolendur og gerendur boðaðir aftur í viðtöl ásamt forráðamönnum þar sem þeim er gerð grein fyrir stöðu mála og þeim hrósað fyrir að hafa tekið skref í áttina til að leysa málið sem hafa staðið sig í því.
4. Ef málið þokast í rétta átt er gerð athugun aftur að viku liðinni.
5. Ef niðurstöður eru jákvæðar, þá er unnið skv. lið 2 um eftirfylgni eineltismála.
6. Ef ekki tekst að beina málum í rétta átt er því vísað til Félagsþjónustu sveitarfélagsins og/eða Barnaverndar.

Samþykkt á kennarafundi við Hríseyjarskóla _____2018,